

svo sem krafizt hefir verið. Þá greiði og stefndur stefnanda málskostnað með 900.00 krónum, og á stefnandi sjóveðrétt í b/v Kára R. E. 111 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Mánudaginn 15. marz 1937.

Nr. 34/1936. **Guðmundur Hannesson**

(Theódór B. Lindal)

gegn

S. f. Félagsprentsmiðjan (cand. jur.

Kristján Guðlaugsson).

Kröfur áfrýjanda taldar of óákveðnar og málsútlitun hans of ófullkomin til þess að hægt væri að leggja dóm á málið. Hinn áfrýjaði dómur þessvegna ómerktur og málinu visað frá undirréttinum.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. marz 1936: Stefndur, Félagsprentsmiðjan s. f., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Hannessonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hefir áfrýjandi gert eftirgreindar kröfur: *Aðallega*, að hið stefnda félag verði til þess dæmt að bæta úr óþægindum þeim, sem vél sú, er í málinu ræðir um, veldur honum, þannig að fullnægjandi sé að álitu hæfra, dómkvaddra manna og að viðlögðum 50 króna dagsektum, og að stefndi verði jafnframt dæmdur til að greiða honum í skaðabætur kr. 96.30 fyrir hvern mánuð, talið frá 1. des. 1934, þar til bætt hefir verið úr óþægindunum, eða til vara hæfilega upphæð, samkvæmt mati réttarins, og þá með 5% ársvöxtum frá stefnu-

degi til greiðsludags. *Til vara* krefst áfrýjandi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 5392.40 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar að skaðlausu fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndur hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Í málinu má telja það upplýst, að áfrýjanda stafi verulegt óhagræði af hávaða og hristingi, sem umrædd vél veldur í húseign hans, a. m. k. viðbótarbyggingunni frá 1928. Er það aðalkrafa áfrýjanda eins og fyrr getur, að stefndi verði dæmdur til þess að bæta úr þessum óþægindum á þann hátt, sem hæfir, dómkvaddir menn telja fullnægjandi, og að viðlögðum dagsektum. Verður þegar að taka fram, að því er þessa kröfu varðar, að ekki hefir verið úr því skorið með skoðunargerð né á annan hátt, hvort unnt muni vera að bæta úr óþægindunum svo viðunandi sé, ef stefndi á að hafa full not vélarinnar framvegis. Og enn síður liggja fyrir nokkrar fullnægjandi upplýsingar um það, í hverju slík aðgerð ætti að vera fólgin og á hvern hátt hún ætti að fara fram, hversu langan tíma hún tæki og hversu kostnaðarsöm hún yrði. Í umræddri kröfugerð áfrýjanda er ekki heldur farið fram á neina tiltekna aðgerð af hálfu stefnda í því skyni að fyrirbyggja óþægindin, en í sambandi við flutning málsins hér fyrir réttinum hafa af hálfu áfrýjanda verið nefndar nokkrar hugsanlegar leiðir til þess að bæta úr þeim. Hefir einkum verið tilfært, að til þess að einangra umrædda vél nægilega muni þurfa að steypa undir hana sökkul, er síðar væri

einangraður með sandlagi, en til þess þyrfti að sprengja nægilega djúpt niður í klöpp þá, sem talin er vera undir vélinni. Ennfremur þyrfti að hljóð-einangra vélasal þann, sem vélin er í, lopt og vegg. Til þessa hefir því verið svarað af hálfu stefnda, að vélar prentsmiðjunnar, um 20 talsins, stærri og smærri, væru í vélasalnum, og myndi því slík aðgerð, sem að ofan er nefnd, þótt hún yrði talin framkvæmanleg, valda stöðvun á rekstri prentsmiðjunnar, þar eð taka yrði vélarnar úr notkun og líklegast flytja þær burt úr salnum, meðan á aðgerðinni stæði. Bæði um þessa leið og aðrar, sem nefndar hafa verið í þessu sambandi, vantar fullnægjandi upplýsingar, hvort þær séu framkvæmanlegar, eða þótt svo væri, að hverju gagni þær myndu koma, og hvaða kostnað þær myndu hafa í för með sér, beint eða óbeint. Ef rétturinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að skylda stefnda til þess að framkvæma eða þola aðgerðir á eignum sínum, eða inna verk af hendi í því skyni að bæta úr nefndum óþægindum og bera kostnað við það að öllu eða einhverju leyti, þá yrði, eins og aðalkröfunni er háttað, að leggja það að öllu leyti á vald hinna dómkvöddu manna, hvaða aðgerð eða aðgerðum yrði beitt og hversu mikið stefndi yrði að leggja í kostnað við þær, og það án þess að rétturinn geti gert sér grein fyrir, hvort aðgerðirnar, sem óvíst er, hverjar yrðu, kæmu að tilætluðum notum. Væri hinum dómkvöddu mönnum þannig í raun og veru fengið úrskurðarvald í málinu, og engin takmörk sett fyrir því, hve lengi þeir gætu krafizt nýrrar aðgerðar, ef fyrri aðgerð þætti ekki fullnægjandi. Af greindum ástæðum verður að telja aðalkröfu áfrýjanda allt of óákveðna og málsútlistun í sambandi við hana of ófullkomna,

til þess að unnt sé að leggja dóm á hana. Og að því er varðar þann viðbótarlið við aðalkröfuna, að áfrýjanda verði dæmdar bætur fyrir liðinn tíma, þá liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um slíkt tjón, sem á verði byggt. Þar sem áfrýjandi ennfremur mun hafa borið fram varakröfu sína um skaðabætur með það fyrir augum, að dæmt yrði um aðalkröfuna og stefndi sýknaður af henni, þá þykir ekki rétt að dæma um varakröfuna í þessu máli, enda brestur og fullnægjandi málsútlitun að því er hana varðar, þar eð ekkert fullnægjandi mat hefir farið fram á því, hvort eða hversu mikla lækkun á verði hlutaðeigandi eignar umrædd óþægindi hafa í för með sér, sbr. 137. gr. réttarfarslaganna, nr. 85/1936.

Með skirskotun til þess, sem að framan er sagt, ber ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá undirréttinum. Eftir atvikum þykir mega ákveða, að allur málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, skuli falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1935, af Guðmundi Hannessyni, prófessor, hér í bæ, gegn s.f. Félagsprentsmiðjan hér í bænum. Dómkröfurnar, sem stefnandi hefir nánar tilgreint í framhaldsstefnu, eru *aðallega* þær, að stefnt sameignarfélag verði dæmt til þess að bæta úr þeim óþægindum, sem ákveðin vél, er síðar verður rætt um, veldur stefnanda, á þann hátt, að fullnægjandi sé að

áliti hæfra dómkvaddra manna og að viðlögðum 50 kr. dagsektum, að félagið verði jafnframt dæmt til að greiða stefnanda kr. 115.00 (upphæð þessa hefir hann þó lækkað niður í kr. 96.30 fyrir hvern mánuð) frá 1. des. 1934, þar til bætt verður úr ofangreindum óþægindum á fullnægjandi hátt.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefnt sameignarfélag verði dæmt til að greiða sér skaðabætur, að upphæð kr. 5392.40, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnuútgáfudegi, 25. febr. 1935, til greiðsludags. Málskostnaðar krefst stefnandi og, hvernig sem málið fer.

Stefnt sameignarfélag krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar. Undir rekstri málsins hefir það þó gert þá kröfu *til vara*, að meiri einangrun vélarinnar skuli að fullu og öllu fara fram á kostnað stefnanda og til *þrautavara*, að aðiljum verði gert að greiða þenna einangrunarkostnað vélarinnar að jöfnu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi á íbúðarhúsið nr. 12 við Hverfisgötu hér í bænum og býr í því. Með bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 16. júní 1916, var prentsmiðjunni Rún h.f. leyft að byggja tvílyft *vinnuhús* á lóðinni nr. 1 við Ingólfsstræti, en sú lóð liggur fast upp að lóð stefnanda við Hverfisgötu, og eru hús þessi því nágrannahús. Áður en prentsmiðjan Rún byggði hús sitt, gaf hún nágrönnum sínum kost á að kaupa spildur af lóðinni nr. 1 við Ingólfsstræti, til þess að þeir gætu þannig tryggt sig gegn hávaða frá prentsmiðjunni, en það gerði stefnandi þó ekki.

Stefndur, Félagsprentsmiðjan s. f., keypti síðan húseignina, sem h. f. Rún lét byggja á lóðinni nr. 1 við Ingólfsstræti, sameinaði prentsmiðjurekstur sinn rekstri h. f. Rún og hefir síðan starfrækt þar prentsmiðju.

Með bréfi, dags. 26. júlí 1928, fór stefnandi þess á leit við byggingarnefnd Reykjavíkur, að sér yrði leyft að byggja einlyft smáhýsi í sundi, sem var á milli íbúðarhúss hans og húss Félagsprentsmiðjunnar (áður hús h. f. Rún). Tók stefnandi það fram, að smáhýsi þetta ætlaði hann að nota sem lækningastofu handa syni sínum, sömuleiðis, að smáhýsið væri öllu fremur bráðabirgðabygging en varanleg. Leyfið var veitt, og byggði stefnandi síðan smáhýsið. Í nóv. 1934 lét stefndur setja upp svokallaða Babcock prentvél í húsi sínu, og þegar hún tók til starfa, kom í ljós, að hún

olli þeim hávaða og hristingi í smáhýsi stefnanda og jafnvel í íbúðarhúsi hans, að hann taldi sig ekki geta við það unað, en þar eð stefndur vildi ekki bæta úr þessu á þann hátt, er stefnandi gæti sætt sig við, höfðaði hann mál þetta og gerði í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að sér hafi verið alveg nauðsynlegt að kaupa vél þessa vegna þess, að annars hefði hann ekki getað fullnægt kröfum öruggasta viðskiptavinar síns. Vélin hafi verið keypt af færesta sérfræðingi, sem vól hafi verið á hér í bænum, og sé sett upp af honum, enda í öllu farið að ráðum hans í þessu efni.

Það má þó telja viðurkennt í málinu, að unnt hefði verið að einangra vélina betur en gert var, þannig að hún hefði valdið stefnanda minni óþægindum, en eftir því sem upplýst er í málinu, má telja vist, að til þess hefði þurft að gera sérstakar ráðstafanir, sem kostað hefðu mikið fé.

Það er þó líklegt, að stefndu s. f. hefði borið skylda til gagnvart stefnanda að ganga svo vel sem unnt hefði verið frá umræddri vél, eða að a. m. k. svo vel, að hún ylli honum ekki óþörfum óþægindum, ef þannig væri umþúið frá hendi stefnanda sjálfs, að honum yrði ekki á neinn hátt um óþægindin kennt, og verður það nú athugað nánar.

Þegar stefnandi sótti um leyfi byggingarnefndar árið 1928 til að mega byggja áðurgreint smáhýsi í sundinu milli íbúðarhúss síns og húss Félagsprentsmiðjunnar, sendi hann byggingarnefnd uppdrátt, er sýndi, að stefnandi ætlaði að byggja sérstakan brunagafl upp að brunagafl prentsmiðjunnar. Hann hvarf þó frá þessu síðar og fékk samþykki þáverandi prentsmiðjustjóra Félagsprentsmiðjunnar til þess að mega notast við brunagafl prentsmiðjuhússins sem einn vegg á smáhýsinu. Sömuleiðis hefir þak smáhýsisins verið greipt inn í gafl prentsmiðjuhússins. Hefir því verið haldið fram af stefndu, að prentsmiðjustjórinn hafi beinlínis bannað það, og ekki hefir stefnandi sannað, að hann hafi haft leyfi til þess.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að leyfi það, er stefnandi hafi fengið hjá framkvæmdarstjóranum til að nota brunagafl prentsmiðjunnar á framangreindan hátt, hafi verið markleysa, því að skv. lögum Félagsprentsmiðjunnar

s. f. hafi þurft til þess samþykki tveggja stjórnarmeðlima, sem aldrei hafi verið fengið.

Stefnandi telur stjórn Félagsprentsmiðjunnar hafa samþykkt þetta með þögninni, þar eð henni hafi hlotið að vera þetta kunnugt. Gegn andmælum stefnds verður þó ekki talið, að stjórninni hafi verið kunnugt um þetta með sérstöku tilliti til þess, að ekki er upplýst, að hún hafi nokkurntíma haft sérstaka ástæðu til að athuga viðbyggingu stefnanda að þessu leyti, og ekki mun hafa verið unnt að sjá, án sérstakrar athugunar, hvort brunagafli prentsmiðjuhússins var notaður eða sérstakur brunagafli byggður. En enda þótt ekki yrði talið, að stjórnin hefði samþykkt þetta, þá telur stefnandi sig þó hafa haft fullkomna heimild til að nota brunagafli prentsmiðjunnar, þar eð samþykki prentsmiðjustjórans hljóti að vera nægilegt til svo smávægilegs greiða, sem hér hafi verið um að ræða.

Rétturinn verður þó að telja, að í þessu samþykki framkvæmdarstjórans eins geti ekki falizt nein skuldbinding af hálfu stefnds um það að taka á sig ábyrgð í því, að þessi tenging smáhýsisins við brunagafli prentsmiðjunnar valdi ekki stefnanda óþægindum.

Með því að smáhýsið var byggt án eigin brunagafli gagnstætt því, sem gert var ráð fyrir, er byggingarnefnd veitti leyfið, og með tilliti til gildis samþykkis þess, er stefnandi fékk til að nota gafli prentsmiðjunnar og þar eð svo virðist sem hann hafi án heimildar látið greypa þak smáhýsisins inn í brunagafli Félagsprentsmiðjunnar, þá telur rétturinn, að ef sú yrði niðurstaðan, að óþægindi hans stöfuðu af þessari tengingu viðbyggingarinnar við prentsmiðjuna, þá yrði stefnandi að þola óþægindin áfram og bóta laust af hálfu prentsmiðjunnar. Af þessu leiðir enn fremur, að til þess að kröfur stefnanda í máli þessu geti orðið teknar til greina, þarf hann að sanna, að tenging þessi valdi ekki þeim óþægindum, er hann verður fyrir, heldur liggi til þeirra aðrar orsakir, er stefndur beri ábyrgð á.

Stefnandi telur óþægindi þau, er hann verður fyrir af völdum umræddrar prentvélar, eingöngu stafa af því, hve illa sé um vélina búíð af hálfu stefnds. Hann telur hinn ófullkomna frágang hennar valda því, að hún hristi klöppina, er sé undirstaða húsanna, og valdi sá hristingur þeim

ópægindum, er hann verði fyrir í húsi sínu. Hinsvegar telur stefnandi það engu máli skipta um ópægindin, að hann hafi notast við brunavegg prentsmiðjunnar, er hann byggði smáhýsi sitt. Ópægindin berist ekki gegnum vegginn né stafi ópægindi þau, er hann verði fyrir, eingöngu af því, eingöngu af því, að vélin hristi undirstöðu húsa-anna, og klöppin beri því bæði hristinginn og hljóðöldurnar, sem mestu illu valdi. Og þar sem viðurkennt sé í málinu, að mögulegt hefði verið að ganga betur frá vélinni, þá sé auðsætt, að taka beri dómkröfur sínar til greina.

Stefndur heldur því fram, að enda þótt með miklum kostnaði hefði verið hægt að ganga betur frá umræddri vél, þá hafi sér ekki borið skylda til þess gagnvart stefnanda. Sér hafi aðeins borið að gera þær ráðstafanir, sem taldar séu nauðsynlegar og eðlilegar á hverjum tíma til að draga úr ópægindum, sem starfrækslan geti haft í för með sér fyrir nágrannana. Þetta hafi verið gert og beri því að sýkna sig af kröfum stefnanda, enda stafi ópægindi þau, er hann verði fyrir, eingöngu af því, að hann hafi ekki gert þær ráðstafanir, sem honum bar að gera til að tryggja sig gegn ópægindum, heldur hafi hann beinlínis selt eftir þeim með því að byggja smáhýsi sitt á áðurgreindan hátt.

Umrædd prentvél er sett niður á gólf prentsmiðjunnar á þann hátt, að ofan á steingólfinu er margfaldur „filt“ pappi, þar ofan á er linoleumdúkur og ofan á þessu stendur svo vélin á eikarfleygum, sem settir hafa verið undir hana til að „rétta hana af“.

Rétturinn getur því ekki fallist á það með stefnanda, að ekkert hafi verið gert til að einangra vélina, enda þótt sú staðhæfing hans kunni að vera rétt, að þetta sé ekki gert beinlínis og fyrst og fremst í því skyni að tryggja stefnanda gegn ópægindum.

Verður nú athugað, á hvern hátt ópægindin berast yfir í smáhýsi og íbúðarhús stefnanda og hvort það muni vera að kenna því, hvernig stefnandi notar brunagafl prentsmiðjunnar eða því, að ver sé frá umræddri prentvél gengið en stefndum hafi borið að ganga frá henni.

Stefnandi hefir látið dómkveðja tvo menn til að skoða og meta ópægindi sín vegna umræddrar prentvélar, og

hafa þeir m. a. látið það álit í ljósi, að aðalorsök óþægindanna sé sú, að ekkert hafi verið gert til að einangra vélina, heldur hafi hún verið boltuð föst við klöppina undir húsunum og hristi af þeirri ástæðu undirstöðu þeirra. Þá telja þeir og, að nokkur hávaði berist til millumveggjar hússins í gegnum loftið í vélasalnum.

Í skoðunargerð sinni virðast skoðunarmennirnir telja, að orsökina til þess, að undirstaða húsanna hristist, sé sú, að vélin sé boltuð föst við klöppina, sbr. orðalagið „ . . boltuð föst við klöppina og hristir þannig alla undirstöðu húsanna . . .“ Síðar hefir komið í ljós, að staðhæfing skoðunarmannanna um þetta atriði er byggð á misskilningi; prentvélin er ekki boltuð föst við klöppina, heldur er rafhreyfill sá, er knýr hana, boltaður fastur. Jafnframt þessu er það viðurkennt af stefnanda, að rafhreyfillinn muni ekki valda neinum sérstökum óþægindum né hrista klöppina.

Ekki verður séð, að skoðunarmennirnir hafi annað fyrir sér, er þeir telja að klöppin hristist, en það, að prentvélin sé boltuð við hana og það hljóti að valda hristingi á undirstöðu húsanna. Rétturinn telur því skv. framansögðu, að ósannað sé, að klöppin hristist af völdum vélarinnar og það valdi stefnanda umræddum óþægindum.

Eins og áður er getið, notaðist stefnandi við brunagafl prentsmiðjunnar, er hann byggði smáhýsið í sundinu milli húsanna. Skoðunarmennirnir telja, að „*nokkur hávaði*“ berist til millumveggjar hússins í gegnum loftið í vélasalnum. Þá hefir eitt vitnið, er leitt hefir verið, Sigurður Pétursson, arkitekt, talið, að venjulegur eldvarnarveggur, byggður upp með vegg prentsmiðjunnar, myndi draga úr óþægindunum, án þess þó að koma alveg í veg fyrir þau. Annað vitni, er leitt hefir verið, Helgi Sigurðsson, verkfræðingur, telur, að til þess að sérstakur eldvarnarveggur bætti úr óþægindunum, þá yrði að vera annaðhvort loftlag eða gljúpt efni milli brunagafla smáhýsisins og prentsmiðjunnar.

Bæði þessi vitni hafa gefið vottorð, sem tekið hefir verið jafngilt og það væri eiðfest, um að hægt hefði verið fyrir stefnanda að einangra viðbygginguna nægilega frá prentsmiðjunni með því að steypa sérstakan brunavegg og hafa lag úr einhverju gljúpu efni milli

þess veggjar og brunaveggjar prentsmiðjunnar. En eins og nú sé gengið frá viðbyggingunni, telji þeir vafasamt, hvort hægt sé að einangra hana nægilega, enda þótt einangrunarlag væri sett báðu-megin á gólfinu, því að titringurinn myndi eftir sem áður berast gegnum þverveggina.

Skv. því, sem áður er sagt um hristing á undirstöðu húsanna, og því, sem nú var sagt, og því, að miklar líkur hafa verið leiddar að því, að óþægindin stafi af því, að þak viðbyggingarinnar er greypt inn í brunagafl prentsmiðjunnar og að notast er við hann sem vegg í viðbyggingunni án þess að stefnandi gerði nokkrar varúðarráðstafanir, þá telur rétturinn með sérstöku tilliti til þess, sem áður er sagt um heimild stefnanda til að nota brunagaflinn, og þeirra upplýsinga, sem hann gaf byggingarnefnd, er hann sótti um byggingarleyfið, stefnanda ekki hafa gert það, sem honum bar að gera til að fyrirbyggja væntanleg óþægindi frá prentsmiðjunni, þar sem hann vissi, að þar voru knúðar vélar, sem ætíð valda gný og hristingi í umhverfinu. En prentsmiðjan virðist hafa heimild til að nota nauðsynlegar vélar í iðninni, sem forsvaranlega er gengið frá.

Nú verður það eigi séð af gögnum þeim, er fyrir liggja, að neitt verulega athugavert sé við umbúnað vélarinnar, og það hefir heldur ekki verið sannað, að hún sé hávaðasamari og gnýmeiri en aðrar samskonar vélar. Hinsvegar þykir það hafa komið skýrt fram í málinu, að einmitt með tilliti til hávaða og hristings, sem frá vélanotkun prentsmiðjunnar hlaut að stafa, hefir alveg varúðarlaust verið frá viðbyggingunni gengið, er hún var tengd við prentsmiðjuna. Rétturinn telur því, að stefnanda hafi ekki tekizt að sanna, að stefndur beri ábyrgð á óþægindunum, heldur virðist flest benda til, að þau séu tilkomin vegna frágangs hans sjálfs á viðbyggingunni. Það þykir því ekki unnt að taka dómkröfu stefnanda til greina, hvorki aðal- né varakröfu hans. Verður því að sýkna hið stefnda sameignarfélag, en málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður.